

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆÐSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

105. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 24. febrúar 2009 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Dagskrá:

1. Viðræður við leikskólastjóra.
2. Viðræður við skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir, leikskólastjóri mætir á fundinn til viðræðna við fræðsluráð. Leikskólastjóri lagði fram og kynnti tillögur sínar um lækkun rekstrarkostnaðar leikskólans á árinu 2009. Tillögurnar eru settar fram vegna óskar sveitarstjórnar til forstöðumanna stofnana sveitarfélagsins um 3-5% lækkun rekstargjalda á árinu 2009. Tillögur leikskólastjóra ná til innheimtu á gjaldi v/ 15 mín. fyrir og eftir vistunartíma barna, breyting á starfsmannafundum, breytt tímasetning almenns foreldrafundar. Leikskólastjóri benti á að einstök sveitarfélög hafi stytt opnunartíma leikskóla frá kl. 17:00 til kl. 16:00 eða að innheimt sé hærra vistunargjald milli kl. 16:00-17:00. Fræðsluráð leggst gegn slíkum hugmyndum þar sem um væri að ræða verulega skerðingu á grunnþjónustu sveitarfélagsins. Þá lýsir fræðsluráð ánægju sinni með ákvörðun sveitarstjórnar um að hækka ekki vistunargjöld skólans á árinu 2009 Fulltrúi foreldra lagði fram bréf til sveitarstjórnar/fræðsluráðs þar sem fjallað er um sumarlokun leikskólans en félagið framkvæmdi skoðanakönnun á afstöðu foreldra um þá tilhögum þar sem fram kom að enn er nokkur óánægja um lokunartímann. Félagið óskar þess að grundvöllur fyrir breytingum á fyrirkomulagi sumarlokunar skólans verði tekinn til skoðunar. Fræðsluráð gerir ekki athugasemd við áformaða sumarlokun á leikskólanum.
2. Sigurður Þór Ágústsson, skólastjóri grunnskólans gerði grein fyrir málefnum sem varða rekstur grunnskólans. Sigurður lagði fram yfirlit um sparnaðaraðgerðir m.a. forföll sem ekki hafa verið mönnuð og þar með greitt fyrir en ljóst er að umtalsverður sparnaður fæst vegna þeirrar ráðstöfunar. Skólastjóri greindi frá endurskipulagningu skólanámskrár en skipaður hefur verið starfshópur til að fara yfir stærðfræðikennslu í skólanum. Markmiðið er að skapa skýra grind um stærðfræðikennslu frá upphafi skólagöngu nemenda. Skoðað verði að koma upp sérstakri stærðfræðistofu á Hvammstanga og gert er ráð fyrir því að kennsla hefjist samkvæmt nýrri námsskrá í stærðfræði haustið 2009. Þá var Grænfánaverkefnið kynnt en unnið er að því að skólinn uppfylli skilyrði um að fá viðurkenningu Grænfánans í umhverfismálum. Skólastjóri greindi frá áhuga sínum um að samræma námsmat og einkunnagjöf innan skólans og hefur sú vinna þegar hafist. Sigurður fjallaði um stoðþjónustu skólans sem hann telur að þurfi að skýra m.a. hlutverk kennara, sérkennara og deildarstjóra stoðþjónustu. Vinna við þá greiningu og samræmingu er þegar hafin og stefnt er að því að henni ljúki á vordögum. Í þessu samhengi gat skólastjóri um að samstarf við félagsþjónustu sveitarfélagsins um hluta stoðþjónustu í grunnskólanum hafi verið tekið upp sl. haust og gefist afar vel. Að síðustu fjallaði skólastjóri um eftirlit í búningsklefum íþróttamiðstöðvar sem hann telur ábotavant þegar íþróttir eru kenndar. Fræðsluráð tekur undir sjónarmið skólastjóra og hvetur hann, íþrótta- og tómstundafulltrúa og sveitarstjóra að fara yfir málid og freista þess að finna viðunandi lausn.

Ragnheiður Sveinsdóttir sat fundinn af hálfu stafsmanna grunnskólans.
Ína Björk Ársælsdóttir sat fundinn f.h. Skólaráðs Grunnskóla Húnaþings vestra.
Hörður Gylfason sat fundinn f.h. Foreldrafélags leikskólans.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:10

*Junnibjörn Ólafsson
Lísl Þóra Þórssen
Guðrún Lára Magnúsdóttir*

*Sæmí Þorsteinsdóttir
Elin Jóna Þórssen
Gudrun Ólafsson*